

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized by their respective Governments, have signed this Convention.

GIJÖRT Í LUNDÚNUM 3. september 1976 í jafngildum textum á ensku, frönsku, rússnesku og spönsku, í einu frumriti sem afhent skal vörsluaðila til varðveislu, en hann skal senda ríkisstjórnnum hvers ríkis sem boðið var að taka þátt í alþjóðaráðstefnu um stofnun alþjóðlegs gervihnattakerfis fyrir siglingar, og ríkisstjórn hvers þess ríkis sem undirritar samning þennan eða gerist aðili að honum, staðfest afrit hans.

DONE AT LONDON this third day of September one thousand nine hundred and seventy-six in the English, French, Russian and Spanish languages, all the texts being equally authentic, in a single original which shall be deposited with the Depositary, who shall send a certified copy to the Government of each of the States which were invited to attend the International Conference on the Establishment of an International Maritime Satellite System and to the Government of any other State which signs or accedes to this Convention.

10. apríl 1991

Nr. 9

AUGLÝSING

um breytingu á samningi um Menningarsjóð Norðurlanda.

Hinn 4. apríl 1991 var danska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi frá 12. júní 1975 um Menningarsjóð Norðurlanda sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 3. desember 1990, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1976, þar sem samningurinn frá 1975 er birtur, og 23/1976. Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. apríl 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

SAMNINGUR

milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi frá 12. júní 1975 um Menningarsjóð Norðurlanda

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem vilja tryggja að Færeyjar, Grænland og Álandseyjar hafi fulltrúa í stjórn Menningarsjóðsins, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I

Heiti samningsins verður:

SAMNINGUR

milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um menningarsjóð Norðurlanda.

II

1. mgr. 2. gr. orðast svo:

Starfssvið sjóðsins tekur til norræns menningarsamstarfs í heild. Fé má því veita úr sjóðnum til verkefna á sviði vísinda, fræðslumála og almennrar menningarstarfsemi í víðtækum skilningi.

III

4. gr. orðast svo:

Starfs- og fjárhagsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðnum skal árlega ákveðið ráðstöfunarfé í fjárhagsáætlun Ráðherranefndar Norðurlanda.

IV

2. mgr. 7. gr. orðast svo:

Stjórnin er skipuð ellefu mönnum. Fimm þeirra skipar Norðurlandaráð, einn frá hverju landi. Ráðherranefnd Norðurlanda skipar einnig fimm þeirra, einn frá hverju landi. Á sama hátt er skipaður persónulegur varamaður fyrir hvern stjórnarmann. Ennfremur er einn stjórnarmaður skipaður sem sameiginlegur fulltrúi Færeyja, Grænlands og Álandseyja. Norðurlandaráð velur stjórnarmann þennan annað hvert skipunartímabilið og Ráðherranefnd Norðurlanda hin tímabilin. Tveir persónulegir varamenn eru skipaðir fyrir þennan stjórnarmann af Ráðherranefnd Norðurlanda í þeim tilfellum sem Norðurlandaráð skipar aðalmann en af Norðurlandaráði í þeim tilfellum sem Ráðherranefnd Norðurlanda skipar aðalmann. Varamennirnir eru fulltrúar þeirra sem ekki hafa aðalmann í stjórninni.

V

Við 3. mgr. 7. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Hið sama gildir um fulltrúa Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

VI

2. mgr. 8. gr. orðast svo:

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum, en séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Eigi má þó ákveða fjárveitingu úr sjóðnum ef báðir fulltrúar eins lands hið fæsta eru andvígir henni eða fulltrúi Færeyja, Grænlands og Álandseyja ásamt einum fulltrúa annars lands.

VII

9. gr. orðast svo:

Stjórninni er heimilt að leita álits nefnda og starfshópa er Ráðherranefnd Norðurlanda hefur skipað eða annarra sérfróðra aðila sem sjóðurinn hefur skipað.

VIII

10. gr. orðast svo:

Skrifstofa Ráðherranefndar Norðurlanda annast skrifstofustörf og fjárreiður vegna sjóðsins.

IX

3. mgr. 18. gr. orðast svo:

Þegar samningurinn er fallinn úr gildi skal skipta eignum sjóðsins og skuldum milli aðila að samningnum í samræmi við þá skiptireglu sem gildir um framlög til fjárhagsáætlunar Ráðherranefndar Norðurlanda.

X

Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að hann hafi verið samþykktur.

Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag er samningurinn öðlast gildi.

XI

Aðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til danska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum aðilum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess aðila sem að uppsögninni stendur og tekur gildi sex mánuðum eftir að danska utanríkisráðuneytinu berst tilkynning um uppsögnina.

XII

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í danska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum aðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn 3. desember 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

19. apríl 1991

Nr. 10

AUGLÝSING

um gildistöku Norðurlandasamnings um aðstoð í skattamálum.

Samningur milli Norðurlanda frá 7. desember 1989 um aðstoð í skattamálum öðlast gildi 8. maí 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1990 þar sem samningurinn er birtur. Norðurlandasamningur frá 9. nóvember 1972 um aðstoð í skattamálum ásamt breytingum frá 21. júlí 1976, 11. nóvember 1981 og 18. febrúar 1987, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 25/1972, 10/1973, 11/1977, 4/1982, 18/1987 og 27/1987, fellur úr gildi í samræmi við 24. gr. samningsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. apríl 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

19. apríl 1991

Nr. 11

AUGLÝSING

um bókun við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi.

Hinn 2. apríl 1991 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna annarrar valfrjálsar bókunar um afnám dauðarefsingar við alþjóðasamninginn frá 19. desember 1966 um borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi sem gerð var í New York 15. desember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin var undirrituð fyrir Íslands hönd 30. janúar 1991 með fyrirvara um fullgildinguna. Alþingi hafði með ályktun 17. desember 1990 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda bókunina.

Bókunin öðlast gildi 11. júlí 1991.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. apríl 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.